

**BORGARRÁÐ 19. janúar 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um innheimtu á vegum Félagsbústaða - MSS23010200**

Hversu mörg mál leigjenda hjá Félagsbústöðum hefur verið vísað til Motus í innheimtu vegna vanskila, óskað er eftir sundurliðun á þessum málum, tímalengd þeirra hjá Motus, fjöldi nýrra máli ár hvert síðustu 5 árin. Flokkur fólksins hefur hvað mestar áhyggjur af því að gengið sé of harkalega að leigjendum Félagsbústaða sem ekki geta staðið í skilum með leigu og óskar því eftir þessum upplýsingum. Hér er um afar viðkvæman hóp að ræða og þykir Flokki fólksins það kaldranalegt að skuldum, smáum sem stórum, nýjum sem gömlum séu sendar í innheimtu til innheimtufyrirtækis eins og Motus. Félagsbústaðir hafa átt í viðskiptum við Motus síðan 30. október 1998 vegna innheimtu viðskiptakrafna sem komnar eru fram yfir eindaga. Áður önnuðust Félagsbústaðir innheimtu krafanna.